

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 676/2019, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2019/2020.

#### 1. gr.

Við reglugerðina bætast tvö ný bráðabirgðaákvæði svohljóðandi:

#### I.

Þrátt fyrir 1. mgr. 5. gr. er Fiskistofu heimilt að taka til greina umsóknir um byggðakvóta sem bárust eftir umsóknarfrest í sveitarfélögum þar sem byggðakvóta hefur ekki þegar verið úthlutað.

#### II.

Heimilt er sveitarstjórnnum að óska eftir að tímabundið verði vikið frá skilyrðum 1. mgr. 6. gr. um að landa afla innan hlutaðeigandi byggðarlags ef vinnsla liggur niðri vegna COVID-19 að hluta eða öllu leyti.

Sveitarstjórn skal senda tillögu til ráðuneytisins ásamt rökstuðningi um hvers vegna þörf er á tímabundinni undanþágu.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. apríl 2020.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

\_\_\_\_\_  
*Jóhann Guðmundsson.*